



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjori@mvv.is](mailto:sveitarstjori@mvv.is)

## Tilboð í snjómokstur í Reykjahlíð.

Skútustaðahreppur óskar eftir tilboði í snjóhreinsun í Reykjahlíð til næstu fjögurra ára. Útboðsgögn liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, sími 464 4163 frá og með mánudeginum 12. október n.k. Jafnframt er hægt að fá gögn send í tölvupósti.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir kl. 10:00, mánudaginn 26. október n.k. og verða þau opnuð á sama stað þann dag kl. 10:00 á opnum fundi.

Skútustaðahreppur áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða að hafna öllum.

Sveitarstjóri.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

37. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 7. okt. 2015

**Afmælisbörn dagana 8. okt. — 14. okt. 2015**

9. Ingibjörg Ragna Hjartardóttir.
10. Hólmgeir Eyfjörð.
11. Svala Gísladóttir
11. Brynleifur Rafnar Bjarnason, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Hilmar Finnsson, Katrín Inga Gylfadóttir.
13. Erla Diljá Sæmundardóttir.

## Mýflugan

### Auglýsendur og lesendur ath!

Engin Mýfluga kemur út miðvikudaginn 21. okt. Næsta Mýfluga þar á eftir kemur út miðvikudaginn 28. okt. Skilafrestur auglýsinga er kl. 14:00 þriðjudaginn 27. okt.

**Mýflugan kemur út næsta miðvikudag, 14. október eins og venjulega.**

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

Kveðja, Hrafnhildur.

### Vonin

...er til  
Hlíðu að henni  
Nærðu hana  
Styrktu hana

Upp úr voninni  
sprettur líf og kraftur

Leyfðu voninni  
að toga þig áfram  
í gegnum erfiðleikana

Leyfðu voninni  
að bera þig  
í gegnum lífið

~ Steinnur Waldemars dóttir



hugarorka



## Frá Íþróttamiðstöð.

Barnapössun fyrir tveggja ára og eldri verður í Íþróttamiðstöð á mánudögum og miðvikudögum milli klukkan 17:00 og 18:00.

Starfsfólk.

## Klipping og litun.

Er að koma í Mývatnsveit að klippa og lita helgina 30. okt. - 1. nóv.  
Fæ aðstöðu hjá Dísu í Vogum II.

Bestu kveðjur, Íris Ragnarsdóttir  
hársnyrtímeistari og förðunarfræðingur,  
skilaboð í sími 891 6252 eða á Facebook ;)

## Haustfundur kvenfélagskvemma.

Haustfundur Kvenfélags Mývatnssveitar verður í **KVÖLD**  
**miðvikudaginn 7. október kl. 20:00**  
**í gamla Húsmæðraskólanum á Laugum.**  
Brynja Hjörleifs. verður gestur fundarins.

Hittumst hressar og kátar og skoðum þetta fallega hús  
og þá dýrgripi sem þar eru að finna.

Nýir félagar velkomnir.  
Stjórnin



**Haustfundur Dyngjunnar**  
verður haldinn á Hótel Laxá  
þriðjudaginn 13. október kl. 17:30.

Stjórnin.

3. Sveitarstjóri lagði fram drög að svari við bréfi EFS dags 13. júlí 2015.  
*Sveitarstjórn samþykkir framlögð gögn og felur sveitarstjóra að ljúka við svarið í samræmi við umræður á fundinum.*
4. Sveitarstjórn samþykkir að bjóða út snjómokstur í Reykjahlíðarþorpi til næstu fjögurra ára.  
*Sveitarstjóra falið að vinna útboðsgögn.*
5. *Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að koma með tillögu að nafni.*
6. Umræður urðu um málið. Afgreiðslu frestað meðan frekari gögn eru í vinnslu.
7. Í bréfinu er boðað til IX Umhverfispings föstudaginn 9. október 2015.  
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir mun sækja þingið.

*Fundi slitið kl. 10:00*

Yngvi Ragnar Kristjánsson  
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir  
Guðrún Brynleifsdóttir  
Helgi Héðinsson  
Friðrik Jakobsson  
Jón Óskar Pétursson

## Reiðkennsla í Torfunesi haustið 2015

Í vetur verð ég, Petronella Hannula staðsett í Torfunesi. Ég er reiðkennari með BS. gráðu frá Háskólanum á Hólum og með mikla reynslu í þjálfun sem og reiðkennslu.

Fyrir mér er það mikilvægt að hver og einn nemandi fái þá athygli sem hann á skilið í tímanum og þar af leiðandi hef ég ekki fleiri en fjóra í hverjum tíma. Ég tek á móti fólki í mismunandi kennslu sem dæmi að bæta ásetu knapans, bæta samspil milli hests og knapa, vinnu við hendi, hringtaums eða tvítaumsvinnu, bæta gangtegundir, Einnig hef ég reynslu af kennslu með knöpum sem af einhverjum ástæðum hafa misst kjarkinn og eða bara því sem þú hefur áhuga á læra og eða bæta.



### **Einka-/hópkennsla, 45 mín hver tími, fyrir bæði fullorðna og krakka**

Einkatímar - verð: 6000 kr.  
Hóptímar með 2 í hóp - verð 4000 kr. á mann  
Hóptímar með 3 í hóp - verð: 3000 kr. á mann  
Hóptímar með 4 í hóp - verð: 2600 kr á mann

*Ef þú átt ekki reiðhallarkort í Torfunesi kostar það 500 kr. aukalega í hvert skipti. Hægt er að fá leigðan hest í Torfunesi á 1000 kr. í hvert skipti.*

Tímar eru pantaðir hjá Petronellu í síma 849-8958 eða á [petronellahannula@gmail.com](mailto:petronellahannula@gmail.com).



### **Opið reiðnámskeið, 6 skipti**

Hóptímar (tveir eða fjórir nemendur í hóp), 50 mín. hver reiðtími. Við skráningu þarf að koma fram: Tveggja eða fjögurra manna hópur, reynsla, nafn, tölvupóstur, sími og hvort þið viljið leigja hest. Raðað verður svo saman í hópa þannig að þeir sem eru á með svípaða reynslu og aldur séu saman í hóp. Reiðkennslan verður miðuð út frá kunnáttu knapans en snýst fremst um að öðlast gott samspil milli manns og hests, bæta jafnvægi og stjórn knapans og bæta hestinn í heild sinni.

### **Dagsetningar:**

11. og 25. Október, 1. og 22. Nóvember, 6. og 20. Desember  
**Tímasetningar:** 09.00 – 16.00, nema 20. desember þá verða tímarnir milli: 08.00-15.00.

### **Verð fyrir 4 í hóp:**

**Verð:** 15.000kr á mann með eigin hest og á einnig reiðhallarkort í Torfunesi  
**Verð:** 28.000kr á mann með eigin hest en á ekki reiðhallarkort í Torfunesi  
**Verð:** 24.000kr á mann með hest og reiðtygi í leigu frá Torfunesi

### **Verð fyrir 2 í hóp:**

**Verð:** 23.400kr á mann með eigin hest og á einnig reiðhallarkort í Torfunesi  
**Verð:** 26.400kr á mann með eigin hest en á ekki reiðhallarkort í Torfunesi  
**Verð:** 32.400kr á mann með hest og reiðtygi í leigu frá Torfunesi

Skráning fer fram hjá Baldvín Kr. í síma 863-9222 eða á [torfunes@gmail.com](mailto:torfunes@gmail.com) og lýkur skráningu 9. október.



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 24. fundur

**Haldinn að Hlíða-vegi 6, miðvikudaginn 30. september. 2015, kl 09:15.**

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson, varamaður Sigurðar G. Böðvarssonar, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Umsókn Landsvirkjunnar um framkvæmdaleyfi vegna tveggja borhola á Kröflusvæði.
3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
4. Útboð á snjómokstri í Reykjahlíðarþorpi.
5. Nafn á nýrri götu í Reykjahlíðarþorpi.
6. Húsnæðismál Leikskólans Yls.
7. Bréf umhverfis og auðlindaráðuneytisins dags 1. september 2015.

Efni til kynningar;

Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 24. júní og 2. september

Fundargerð stjórnar Eyþings frá 26. ágúst 2015

Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð stjórnar Dvalarheimils Hvamms frá 15. september 2015

Fundargerð stjórnar leigufélags Hvamms frá 15. september 2015

1. Oddviti setti fund og bauð Guðrúnu Brynleifsdóttur velkomna til starfa að loknu fæðingarorlofi.
2. Tekið fyrir að nýju erindi Landvirkjunnar um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna tveggja borhola á Kröflusvæði. Erindinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 9. september 2015. Fulltrúar sveitarstjórnar hafa átt fundi með fulltrúum Landsvirkjunar og fulltrúum Landeigenda Reykjahlíðar ehf. Einnig hafa borist upplýsingar frá Skipulagsstofnun um að fyrirhugaðar viðhaldsholur K-41 og K-42 hafi hlotið viðeigandi málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, þegar fjallað var um tilhögun viðhaldshola og nýtingar í mati á umhverfisáhrifum Kröflustöðvar árið 2001. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps heimilar framkvæmdaleyfið með hliðsjón af fengnu lögfræðialiti Jóns Jónssonar hrl og álitu Skipulagsstofnunar.* Samþykkt samhljóða. Helgi Héðinsson vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar.

## Haustfundur.

Haustfundur Slysavarnardeildarinnar Hringa verður haldinn miðvikudaginn 14. okt. í húsi félagsins að Múlavegi 2.

Kræsingar í boði félagskvenna.  
Nýjir félagar marg velkomnir.

Munum að slysavarnardeildirnar sinna ýmsum öryggis og góðgerðarstörfum s.s umferðaröryggi barna, heimilisöryggi eldri borgara og síðast en ekki síst að standa við bakið á björgunarsveitunum með kaupum á nýjum og betri búnaði.

Komdu með og leggðu góðu málefni lið.

Kveðja, stjórnin



## Villibráðarhlaðborð á Hótel Laxá

Haustið er tími villibráðarinnar og því ætlum við á Hótel Laxá að bjóða upp á veglegt villibráðarhlaðborð 17. og 24. október.

Í boði verður gómsæt villibráð og meðlæti sem bráðnar í munni og gælir við bragðlaukana.

Verðið fyrir manninn er kr. 8.700  
Sértilboð til hópa.

Vinsamlegast heyrið í okkur í síma 464 1900  
eða sendið okkur tölvupóst á netfangið [hotellaxa@hotellaxa.is](mailto:hotellaxa@hotellaxa.is)

Hlökkum til að sjá ykkur!